

TUDOR RAFGEYMAR

MIKIÐ ÚRVAL - TRAUST OG GÓÐ ÞJÓNUSTA
TUDOR 35 ÁR Á ÍSLANDI



Öflugir TUDOR High Tech rafgeymar

- 95Ah, 800 Amper
- 30% meiri ræsikraftur
- Alveg lokaðir og viðhaldsfríir
- Örugg ræsing í miklum kulda
- Endurhlaðast allt að 50% hraðar (Carbon Boost)
- Nýjar og endurbættar blýgrindur (3DX)
- Góðir fyrir jeppa með miklum auka rafbúnaði



SKORRI
SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM

Póllinn ehf – Pollgötu 2 – 400 Ísafirði – Sími: 456 3092 – www.pollinn.is

VESTFIRÐINGUR

— 18. JANÚAR 2018 —

1. tölublað
2. árgangur



Friðarganga á Ísafirði var gengin á Þorláksmessu. Þetta var í 22. skiptið í röð sem gengið er til friðar í aðdraganda jóla. Gengið var frá Ísafjarðarkirkju að Silfurtorgi. Lúðrahljómsveit Ísafjarðar lék. Andrea Harðardóttir flutti ávarp. Sindri Freyr Sveinbjörnsson fór með ljóð og Eiríkur Örn Norðdahl var kynnrir.

34 milljarða
tap Ísfirðinga



Litið aftur, og
svo fram veginn



Enn um
Teigsskóg



Járnabakkar Járnabindingavörur

Erum með á lager
allar helstu gerðir af járnabökkum

- Bindivír 1 mm U hankir og rúllur 1.4 mm
- Fjarlægðarstjörnur og steinar 20-50 mm
- Plastlistar á undirslegnar plötur, einnig harðir
- U listar á ull eða plasteinangrun
- Járnstólalengjur, sterkir og góðir stólar frá 50 mm
- Mótarör og kónar 10-50 mm
- Öryggishlífar á kambstál, listar og sveppir

Vír og lykkjur ehf
www.viroglykkjur.is - viroglykkjur@internet.is
772-3200/692-8027

Fánaprentun

- Útifánar
- Borðfánar
- Hátíðarfánar

**544
2030**
**MERKIS
MENN**
www.merkismenn.is

VERK VEST

Virkt afl á vinnumarkaði
Upplýsingar um kjaramál á verkvest.is

Husqvarna – Steinsagir, kjarnaborvélar, gólf- og vegsagir



**HUSQVARNA
FS 400 LV**
Sögunardýpt 16,5 sm



**HUSQVARNA
K 760**
Sögunardýpt 12,5 sm



**HUSQVARNA
K 3600 MK II**
Sögunardýpt 27 sm



**HUSQVARNA
K 2500**
Sögunardýpt 14,5 sm



**HUSQVARNA
DM 230**
Bordýpt 15 sm



HUSQVARNA
Steinsagarblöð
og kjarnaborar



ALLT FYRIR ATVINNUMANNINN

MHG Verslun ehf | Akralind 4 | 201 Kópavogi | Sími 544-4656 | www.mhg.is

Ísfirðingar hafa tapað 34 milljörðum króna

Það vantar 34 milljarða króna upp á að íbúðir í Ísafjarðarbæ hafi hækkað jafnmikið í verði frá árinu 1994 til ársloka 2017 eins og íbúðir í Reykjavík gerðu á þessu tímabili. Þessar upplýsingar má fá fram á vef Þjóðskrár Íslands. Meðalstaðgreiðsluverð á íbúð á Ísafirði á árinu 1994 var 6,43 milljónir króna í sérbylí og 4,45 milljónir króna í fjölbylí. Sömu tölur fyrir árið 2017 eru 13,41 milljónir króna fyrir fjölbylí og 16,41 milljónir króna. Hækkunin á þessum 33 árum er 201% fyrir fjölbylí og 155% í sérbylí. Í Reykjavík er hækkunin mun meiri. Frá janúar 1994 til ársloka 2017 hækkaði fjölbylí um 554% og sérbylíð hækkað um 536% eins og taflan sýnir.

Ef íbúðir á Ísafirði hefðu hækkað eins og í Reykjavík á þessu tímabili hefði meðalsérbylis íbúð átt að kosta

	Sérbylí		Fjölbylí	
	Reykjavík	Ísafjörður	Reykjavík	Ísafjörður
jan 1994	11,45	6,43	6,22	4,45
des 2017	72,83	16,41	40,73	13,41
hækkun	6,36	2,55	6,55	3,01
heimild: Þjóðskrár Íslands.				

40,9 milljónir króna í lok árs 2017 í stað 16,4 milljónir króna. Þarna munar 24,5 milljónum króna á hverja íbúð. Fjölbylisíbúð á Ísafirði hefði átt að kosta 29 milljónir króna í stað 13,4 milljónir króna. Munurinn á hverri íbúð í fjölbylí er 15,6 milljónir króna.

Í Ísafjarðarbæ eru 1005 sérbylí og 580 fjölbylí. Sé gert ráð fyrir að verðmunurinn á Ísafirði eigi líka við um íbúðir í Ísafjarðarbæ en utan Ísafjarðar fæst með einföldum reikningi að það vantar 33,7 milljarða króna upp á að verð á íbúum í Ísafjarðarbæ hafi hækkað hlutfallslega jafnmikið og íbúðir í Reykjavík.



Grunnskólinn á Þingeyri 120 ára 1897-2017

Föstudaginn 15. desember var rauði dagurinn haldinn hátíðlegri heldur en undanfarin ár. Tilefnið var 120 ára afmæli skólans. Nemendur og starfsfólk mætti í einhverju rauðu, það var áhugasviðssýning á munum og verkefnum sem nemendur höfðu unnið í svokölluðum áhugasviðstímum sem eru alltaf á föstudögum. Nemendur tónlistaskólans komu fram undir stjórn Jóns Gunnars og kann skólinn þeim miklar þakkar fyrir fallegan söng og hljóðfæraleik. Gísli Halldór Halldórsson bæjarstjóri heiðraði okkur með nærveru sinni og þakkaði starfsfólki skólans fyrir vel unnin störf og lagði áherslu á að í hverju samfélagi væri skólinn hjartað og að honum þyrfti að hlúa. Kvenfélagið Von gaf skólanum veglega gjöf, 1000 kr. fyrir hvert ár. Gjöfin verður nýtt til að kaupa Appel Tv, Breakout for Education kassa og nýjar barnabækur til lesturs. Við þökkum þeim kærlega fyrir gjöfina og allt þeirra góða starf í þágu samfélagsins.

Það var mjög ánægjulegt hvað margir komu í skólann til að fagna þessum merkilegu tímamótum. Nemendur á elsta stigi voru mjög dugleg að baka og aðstoða við framreiðslu veitinga. Einnig sáu yngri nemendur um að baka smá kökur sem tilheyra þessum degi.

Í tilefni afmælisins fengu nemendur bláa taupoka merktá skólanum en skólinn er sífellt að reyna finna leiðir til þess að minnka plast og hvetja aðra til að minnka það líka.

Í skólanum eru 27 nemendur í 1. –



notkun og stendur fyllilega fyrir sínu. Viðbygging við húsið, svokallað Þinghús, var einnig byggð 1908 og var m.a. aðal samkomuhúsið og íþróttasalur til ársins 1939. Nýji hluti skólans byggðist frá árinu 1976 og var tekið í notkun um áramótin 1979-1980 (Heimildir: Barnaskóli á Þingeyri í Dýrafirði í 100 ár, afmælisrit, Hallgrímur Sveinsson tók saman).

Skólahaldið í dag miðar að því að horfa til framtíðar og efla nemendur til starfa í framtíðinni.

Áhersla er lögð á færni í upplýsingatækni í örrí þróun með það að markmiði að ná stóru markmiðum aðalnámskrár, sem eru eftirfarandi:

- Skapandi hugsun
- Samvinna
- Setja sig í spor annarra

Erna Höskuldsdóttir
Skólastjóri Grunnskólans á Þingeyri
19. desember 2017

Brettatjakkar og lyftuborð

Mikið úrval af lyftuborðum og brettatjökkum, máluðum eða galvaniseruðum



IDNVER

Tunguháls 10 110 Reykjavík
Sími: 5172220



Nýjar vörur streyma inn

belladonna



Verstunin Belladonna

Skeifunni 8 • 108 Reykjavík • Sími: 517 6460 • www.belladonna.is

NÝÁRSFAGNAÐUR BÁSA

Kíwanisklúbburinn Básar á Ísafirði stóð að venju fyrir nýársfagnaði á Hlíf á fyrsta sunnudegi í nýju ári fyrir eldri borgara á Ísafirði. Vel var mætt og Baldur Geirmundsson og Magnús Reynir Guðmundsson spiluðu dinnermúsík

fyrir gesti. Sigurður Bjarki Guðbjartsson, forseti Kíwanisklúbbsins var ánægður með hvernig til tókst. Starfsemi klúbbsins var liflega á síðasta ári og studdu félagsmenn við ýmis samfélagsleg verkefni undir kjörorðinu börnin fyrst.





TOYOTA

ALWAYS A
BETTER WAY

NÝR LAND CRUISER

EINFALDLEGA TOPPAR ALLT



Verð frá: 7.490.000 kr.

Í 65 ár hefur Land Cruiser drottnað yfir landslaginu og nú skartar þessi fjórhjóladrifni konungur jeppanna nýju útliti, ytra sem innra. Hann státar af nýju mælaborði með stærri skjá og nýjum eiginleikum á borð við Toyota Safety Sense sem auka enn á öryggið sem alltaf hefur verið hluti af sterkbyggðri gæðahönnun jeppans sem einfaldlega toppar allt.

- Nýr Land Cruiser 150 býðst með 33" breytingu að kostnaðarlausu
- 2 ára þjónustupakki fylgir með öllum Land Cruiser 150

Kynntu þér Toyota FLEX, frábæra leið til að eignast nýja Toyota bifreið á www.toyota.is

VILDARPUNKTAR ICELANDAIR MEÐ ÖLLUM NÝJUM TOYOTUM



Toyota Kaupúni
Kaupúni 6
Garðabæ
Sími: 570-5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
Reykjanesbæ
Sími: 420-6600

Toyota Selfossi
Fossnesi 14
Selfossi
Sími: 480-8000

Sjá nánar um Vildarpunktasöfnun á www.toyota.is
Bíllinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verð og þann búnað sem tilgreindur er.
Fyrirvari við 5 ára ábyrgð: Ökutækinu skal viðhaldið samkvæmt vörulýsingu og leiðbeiningum framleiðandans.
Sé það ekki gert getur það valdið ógildingu ábyrgðar varðandi hluti sem þarfnast viðhalds.
Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur.

LEIÐARI

Græðgin gengur af göflunum

Útgerðarmafían hóf árið með stórsókn gegn almenningi. Framkvæmdastjóri samtaka þeirra fer hamföllum yfir veiðigjaldinu og segir það vera skattheimtu á sterum. Ætla mætti að verið væri að ganga a milli bols og höfuðs í efnahagslegum skilningi á öllum helstu útgerðarfélagum landsins, slíkur er barlómurinn. Segja mætti eins og þingmaður Sjálfstæðisflokksins sagði eitt sinn fyrir löngu í nauðvörn á framboðsfundi út af öðru máli, sárt bitur soltin lús. Þeir sem eru illa haldnir af græðginni fá aldrei nóg og eru stöðugt langsoltirnir.

31 milljarður króna í hreinan hagnað

En það þarf ekki að skoða lengi opinber gögn um afkomuna í sjávarútvegi til þess að sjá í gegnum moldviðrið sem þeytt er upp. Nýjustu gögn eru fyrir árið 2015. Það ár er hreinn hagnaður af fiskveiðum hvorki meira né minna en 31,1 milljarður króna. Þá er búið að draga alla mögulega og ómögulega kostnaðarliði frá tekjum útgerðarinnar. Meðal annars þá 3,3 milljarða króna sem útgerðin greiddi það ár til ríkisins fyrir einkaréttinn til þess nýta fiskimiðin við landið. Þá er búið að leyfa grátkerlingunum að koma hluta af hagnaðinum af fiskveiðum undan veiðigjaldi yfir til vinnslunnar með því að skyldir aðilar kaupa fiskinn af sjálfum sér á verði sem er undir markaðsverði. Það er í öðrum atvinnugreinum litíð á sem svik og pretti en þykir fint í sjávarútvegi. Þá er líka búið að leyfa þeim að endurvika fiskinn og lækka viktina sem lögboðin hafnarvog gefur upp. Í raun liggur fyrir að hagnaðurinn af fiskveiðunum er mun meiri en þær tölur segja sem notaðar eru til þess að ákvarða hlut almennings í arðinum.

Í lögnum um veiðigjald, sem LÍÚ hafði alla sína putta í þegar þau voru sett, segir skýrt að greiða skuli 33% af hreinum hagnaði í veiðigjald. Þriðjungurinn af 31 milljarði króna er einmitt um 11 milljarðar króna og það veldur flogaköstunum. Staðreyndin er sú að afkoma útgerðarinnar er ekki að versna heldur þvert á móti að batna. Veiðigjaldið tvöfaldast í krónutölu frá fyrra ári einmitt vegna þess að hagnaðurinn hefur tvöfaldast. Það sem útgerðin heldur eftir þegar tekið hefur verið frá fyrir veiðigjaldinu hækkar úr 10 milljörðum króna upp í 20 milljarða króna á milli ára. Þetta heitir á máli LÍÚ skattheimta á sterum. Samt hefur ekkert breyst frá því í fyrra, sömu lög og sama hlutfall af hreinum hagnaði tekið í veiðigjald. Einkahlutafélag helsta eiganda stærsta útgerðarfélags landsins hagnaðist um 6 milljarða króna á árinu 2016 og átti þá í lok ársins 35 milljarða króna í eigið fé.

Afslættir og ívilnanir

Eitt af því sem skýrir ofsann í málflutningi LÍÚ um þessar mundir er að nú fyrst rúmum 5 árum eftir að lögum um veiðigjald voru sett ber að greiða gjaldið að fullu. Hingað til hefur verið veittur afsláttur upp á milljarða króna til þess að niðurgreiða úr ríkissjóði kaup útgerðarinnar á aflaheimildum. Eitt árið voru þessir afslættir 3 milljarðar króna. Nú er þessu afslætti lokið. Loksins er komið að því að útgerðin borgi það sem Alþingi setti upp árið 2012. Þó fer hin auma útgerð ekki alveg í jólaköttinn. Áfram verður við lýði sérstakur afsláttur upp á 15 – 20% af fyrstu 9 milljón kr. af álögðu veiðigjaldi. Þrátt fyrir það stendur upp úr vinstri grænum stjórnmalamönnum að veita þurfi frekari afslætti til minni og meðalstórra útgerðarfyrirtækja. Það verður ekki af þeim skafið að þeir eru aumingjagóðir.

Gjafakvótinn

Alvarlegast er þó að árlega skuli útgerðin fá sjálfkrafa úthlutað veiðiréttinum gegn gjaldi langt undir markaðsvirði. Um þessar mundir er greitt á markaði um 179 kr fyrir heimildina til að veiða kg af þorski. Ríkið afhendir heimildina fyrir 23 krónur. Árið 2015 var staðan þannig að útgerðarmenn fengu veiðiréttinn fyrir 13 kr en markaðsverðið var þá 233 krónur. Hvað á svona háttalag að þýða? Hið sorglega er að útgerðinni þykir þetta eðlilegt og sjálfsagt. Fáeinir einstaklingar á Íslandi eru að borga litíð fyrir verðmæti sem þeirra eigin markaður metur á 30 – 40 milljarða króna á hverju ári. Mismuninum stinga þeir í eigin vasa. Það er búið að afbaka svo siðferðileg viðmið að þetta er viðurkennt athugasemdalaust. Græðgin er óstjórnleg og óseðjandi og er gengin af göflunum. Nú er mál að velta borðum víxlaranna.

Kristinn H. Gunnarsson

1. tölublað

Útgefandi: Fótspor ehf., Suðurlandsbraut 54, 103 Rvk. Ábyrgðarmaður: Ámundi Ámundason. Auglýsingastjóri: Ámundi Ámundason sími 824-2466, netfang, amundi@fotspor.is. Auglýsingar: Sími: 578-1190 & netfang: auglysingar@fotspor.is. Ritstjóri: Kristinn H. Gunnarsson, sími: 892-7630, netfang: kristinn@kristinn.is. Prentun: Ísafoldarprentsmiðja. Dreifing: Íslandsþóstur. Vefútgáfa PDF: www. fotspor.is

FRÍBLAÐINU ER DREIFT Í 3.400 EINTÖKUM Á ÖLL HEIMILI OG FYRIRTÆKI Á VESTFJÖRÐUM



Aðalfundur Snjáfjallaseturs

Aðalfundur Snjáfjallaseturs var haldinn í nóvember í Gamla kaffihúsinu við Völvufell. Fundarstjóri var Ólafur J. Engilbertsson. Flutti hann skýrslu stjórnar fyrir 2016. Þar kom fram að Ferðamálastofa veitti Snjáfjallasetri kr. 800.000 framlag 2016 til að setja upp söguskilti við kirkjugarðinn á Snæfjöllum í samstarfi við Kirkjugarðaráð og Minjastofnun. Einnig fengust framlög til að setja upp skilti um Snæfjallahringinn við áningarstað á Lyngholti og um Drangajökul við Seleyri. Skiltin um Snæfjallahringinn og Drangajökul voru sett upp vorið 2017 ásamt söguskilti við kirkjugarðinn á Snæfjöllum. Bókin Undir Snjáfjöllum – Önnur bók eftir Engilbert Ingvarsson

var sett í prentun og kom út í nóvember 2016. Bókin var afhent forseta Íslands ásamt Djúpmannatali og var dreift í samstarfi við Bókautgáfuna Hóla og er nú uppseld.

Ársreikningar voru lagðir fram og samþykktir.Óráðstafað eigið fé félagsins er kr. 5.922.036 Þar af er skilgreindur hlutur í Dalbæ 5.000.000. Félagsgjald var hækkað upp í 3.000 úr kr. 2.500.

Uppbyggingarsjóður Vestfjarða veitti Sögumiðlun vilyrði fyrir samtals 3.600.000, 3ja ára framlagi í Snjáfjallasetri til menningarferðaþjónustu í samstarfi við Steinshús. Rætt var um framkvæmdir í Dalbæ vorið 2018 og kostnað. Gagngerar endurbætur þarf

að gera á húsinu. Rætt var um að hafa dagskrá til minningar um Sumarliða póst næsta sumar eða þarnaesta og að setja stikur á gönguleiðina frá Unaðsdal og upp á Hærribrún. Göngukort um Snæfjallahringinn er í vinnslu og er stefnt að því að gönguleiðin verði sett inn á wapp.is.

Stjórnin var kosin áfram ásamt skoðunarmönnum og varamönnum. Ólafur J. Engilbertsson er formaður og auk hans eru í stjórn Ingibjörg Kjartansdóttir, Jófríður Hanna Sigfúsdóttir, Þórir H. Óskarsson og Friðbjört Jensdóttir. Varamenn eru Jósep Rósinkarsson og Jón Sigurður Norðkvist. Skoðunarmenn Edda María Hagalín og Þórhildur Þórisdóttir.

Vestfirska vísnahornið

Hagyrðingarnir ortu að sjálf-sögðu um jölin. Óla Friðmey Kjartansdóttir á Þórustöðum í Bitrufirði reið á vaðið daginn fyrir Þorláksmessu með þessari jólakveðju:

Senn fellur birtan á sérhvert ból
Og signir mannanna hjörtu
Þau tifa í hús hin heilögu jól
Og hrekja burt skuggana svörtu.

Á aðfangadag sendi Aðalsteinn Valdimarsson á Strandseljum eftirfarandi kveðju:

Háttíð ljóssins heilsar þá,
hún mun fólkið gleðja.
Læðist hjer á ljósan skjá
lítill jólakveðja.

Á annan dag jóla birti Ólína Kjerúlf Þorvarðardóttir ljóð sem hún orti eina fagra jólanótt fyrir mörgum árum með þessum orðum: „Norðurljós eru eitt þeirra náttúrufyrirbæra sem ég tengi mög sterklega við jölin - þegar himnakraftarnir birtast okkur í allri sinni stærð og dýrð.“

Norðurljósa litatraf
líðast hægt um myrkrahvel,
lýsir himin, land og haf,
litkar hjarn og frosinn mel.
Rauðbleik merlar mánasigð
á myrkum sæ um þögla nótt.
Langt í fjarska bjarmar byggð
- borgarljósin tindra rótt.

En yfir raflýst borgarból
- á bak við heimsins ljósadýrð -
ber sín helgu boð um jól
björt en þögul nætursól,

við skörðum mána skín í kyrrð
skærum loga úr órafirrd
er lúnum mönnum lýsti þrem
langan veg til Bethlehem.

Ólína heilsaði nýju ári með þessum vísnum:

Ýlur þjóta, eldar sviðna,
yfir reykur líður.
Er við kveðjum árið liðna
enginn veit hvað bíður.
Látum ekki andann buga
angurs vil né rauna tár.
Með vonarglóð í hjarta og huga
heilsa ég þér nýja ár.

Víkur þá sögunni inn í Ísafjarðardjúp. Indriði Aðalsteinsson á Skjaldfönn sendir þetta bréf:

Samkvæmt beiðni Kristins H. Gunnarssonar er best að láta það flakka sem helst telst kveðskaparefni frá áramótum bæði nær og fjær. Áramótaskaupið fékk ágætis einkunn hjá mér og kemur Costco þar við sögu:

Er á Costco ofurtrú
svo af því fer nú sögum
að ekki mun það bæta bú
blóðsugnanna í Högum.

Alls ekki má berja minkum við steina samkvæmt Matvælastofnun og enn síður drekkja músum. Eftir viðtal Bændablaðsins við mig fyrir jólin, þar sem náttúruhamfarir í músagengd voru tiundaðar ásamt varnaraðgerðum mínum er því líklegt að tukthúsvist blasi við mér fljótlega.

Matvælastofnun músvæn er
meindýr þrýstir að brjósti sér
þær eru henni heilög dýr
hálfu betri en Inndlandskýr.

Þó þær djöflist í föðri og fé
finnst nú MAST eins og ekkert sé.
Nagið er bara glens og geim
og glæpur að vera að drekkja þeim.

Svo er það mál málanna:

Metoo boðar bylting góða
um betri sið.
Og lemur karlaapa óða
í andlitið.
Afgreitt mál.

Hefðbundið ofát um jól og áramót hefnir sín bæði í pyngju og á vígt.

Í góðæris brjáluðum bransa
brýnt er hjá mörgum að stansa
og hætta svo við
að þenja sinn kvið
svo verði hann þeim minna til vansa.

Aðeins meira uppörvanda efni í lokin.

Sólin hækkar himni á
hrið þó sé í veðursþá.
Enga finn ég eftirsjá
að við snúum myrkri frá.

Með þessari uppörvum um hækkandi sól er sleginn botn í vísnaþáttinn að sinni. Framundan er þorinn með vetrarmat svo eitthvað getur tafist að hætta að þenja kviðinn.

Bestu kveðjur á nýju ári
Kristinn H. Gunnarsson

GÓÐ ÞJÓNUSTA Í 20 ÁR

ÖRYGGISVÖRUR

Heyrnarhlífar, öryggisgleraugu,
rykgrímur og andlitshlífar.




INTERFLON

Úrval af efnavörur
Nýjar umbúðir, sömu gæða efnin



OLÍUVÖRUR

Smurólía, glussi, Koppafeiti,
girolía og sjálfskiptivökvi



SVO ALLT GANGI SMURT



KÍKTU Í KEMI OG SKOÐAÐU ÚRVALIÐ!


 **kemi**
Tunguhálsi 10 • www.kemi.is

OKKAR BESTA ÁR VAR Í ÁR

En hvers er að minnast og hvað er það þá, sem helst skal í minningu geyma?

Svo orti og spurði skáldið Valdimar Briem í kvæðinu sem gjarnan er flutt við áramót. Kvæðið með svo alltof langa nafninu Nú árið er liðið við aldanna skaut. Víst getur það verið breytilegt hvað varðveitist í manns minningu. Mörgum finnst dægur og gærdagsminning of ríkjandi hér á landi t.d. varðandi verðlaunaveitingar. Það muna menn betur sem gjörðist í gær en hins sem fór fram fyrir einhverju síðan og hefur kannski varað, starfað, lengi. Samt hefur einmitt hinn skilað miklu meiru til samfélagsins. Oft vill þetta gleymast en líklega mun stundargleðin og tækifærastískan halda velli í samfélaginu og þá ekki síst í listheiminum.

Nú er ritari búinn að koma sér í all mikla klípu við að horfa einmitt yfir árið sem alveg er að kveðja og gjöra einsog dægurmennirnir velja úr það er minnst skal og vona svo að það muni í minningu geymist lengur en núið. Að vera stórtækur til orða er eftir þegar rætt er um eigið apparat. Samt má óhikað segja að alveg að verða búið árið sé hið sögulegasta og ef ekki bara besta ár Kómedíuleikhússins. Er dægur og stundargleðinn alveg búinn að ná tökum á ritara eða hvað? Aðeins eitt að gjöra. Lita yfir helstu Kómedíufréttir ársins 2017.



Gísli hinn uppseldi

Víst byrjaði árið með sérlega kómískum hætti og það á 13 degi ársins. Þá sýndum við Gísla á Uppsölum í Þjóðleikhúsinu. Hvernig það kom til er stutt saga að segja frá. Eftir að við höfðum sýnt Gísla yfir tuttugu sinnum hér og þar um landið árið áður við góðan orðstír sendum við erindi á Þjóðleikhúsið þess efnis hvort við gætum mögulega sýnt Gísla hjá þeim. Þjóðleikhússtjóri tók vel í erindið og

ákveðið var að setja á einar fjórar sýningar. Víst fór nú um Kómedíuna þá. Fjórar sýningar, vahá það er eins gott að einhver mæti. Skemmst er að segja að þessar fjórar sýningar seldust upp og einnig þær næstu sem á eftir komu. Að endingu urðu sýningarnar 20 í Þjóðleikhúsinu og nánast alltaf fyrir uppseldu húsi.

Annað kómískt gjörðist á þessu sýningar-tímabili á Gísla í Þjóðleikhúsinu. Gaggjarar tóku að mæta og rita um okkur. Þetta hefði ekki gjörst síðan tvöþúsund og eitthvað. Enda höfum við aðallega verið að sýna á lands-

byggðinni hvar gaggjarar lítið kíkka á. Ef við sýnum í borginni þá er það oftast bara ein tvær sýningar í senn. Hvað sem má segja um gagg þá hefur það mikið að segja í leikhúsinu og bara í listalífínu. Kómedíuleikhúsið þótti sérlega vænt um að fá alla þessa gaggara loksins í leikhúsið til að kíkka á vor verk. Og vitið bara hvað, gaggið var almennt mjög gott og okkur í vil. Þorgeir Tryggvason, gaggari Moggans, gaf sýningunni t.d. 4 stjörnur og sagði m.a.:

„Trúðleikur er að sönnu í kennslu-



skrá Kómedíuskólans og Elfar Logi nær áreynslulaust sambandi við salinn þegar hann kærir sig um. En að sjá hann horfa inn á við og teikna upp umhverfi og viðmælendur með augunum er fallett dæmi um list leikarans.“

Eftir gott gengi í leikhúsi þjóðarinnar hélt Gísli áfram yfirferð sinni um landið en í það heila var leikurinn sýndur 55 sinnum á árinu.

Hin G-in tvö

Það mætti halda að það sé skilyrði að leikverk Kómedíuleikhússins verði að byrja á bókstafnum G. Það er ekki bara nefndur Gísli heldur og nafni hans Súrsson sem hefur verið á fjölnum lengur en elstu menn muna eða frá 2005. Fjölmargar sýningar voru á árinu flestar á söguslóðum í Haukadali í Dýrafirði en einnig í skólum. Gísli Súrsson er lang mest sýnda leikrit Vestfjarða og þó víðar væri kíkkað. Alls hefur leikurinn nú verið sýndur 318 sinnum en vitið bara hvað það er hellingur af sýningum planlagðar á komandi kómísku ári. Hve tilveran er dásamleg, stundum.

Hitt G- leikrit okkar Grettir gjörðist víðförluð því í lok janúar var skundað alla leið til Hjaltlandseyja. Þar var leikurinn sýndur nokkra ganga á sérstakri víkingasögu ráðstefnu, Follow the Vikings, er haldin var í Leirvík þar í eyju. Voru það um leið síðustu sýningar á Gretti. Sýningin gekk sannlega vel og er 4 mest sýnda leikrit Kómedíuleikhússins var fluttur 61 sinni.

Tvö bókverk

Kómedíuleikhúsið hefur í mörg ár duddað sér nokkuð við útgáfu. Fyrst á hljóðbókum en síðustu ár höfum við hinsvegar einbeitt okkur að bókaútgáfu. Árið 2017 gáfum við út tvö bókverk. Í júní barnabókina Muggur saga af strák eftir listahjónin Elfar Loga Hannesson og Marsbil G. Kristjánsson. Um er að ræða skáldaða sögu um æsku hins bílddælska listamanns Muggs, Guðmundar Thorsteinssonar. Víst hefur listamaðurinn sá verið í miklu uppáhaldi hjá okkur. Fyrsti stóri einleikur okkar var einmitt um hans ævi einnig höfum við gert tvær

barnasýningar byggðar á verkum Muggs.

Talandi um einleik sem hefur jú verið okkar uppáhald þá fannst okkur vel við hæfi að gefa út Einleikjasögu Íslands. Höfnður áður nefndur Elfar Logi og kom bókverkið út í september. Var bókin fjármögnuð á Karolina fund og er það í annan gang sem við fjármögnum bókverk á þann hátt. Aldrei að vita nema við gjörum það á nýjan leik enda höfum við fullan hug á að halda áfram að gefa út bækur og höfum þegar ákveðið að gefa út allavega eina á komandi frábæru ári.

Lýsandi gjöf

Nú fer þessi pistill að verða alltof langur og spurning hvort allt þetta verði geymt í varanlegri minningu. Það mun hinsvegar án efa gjöra tvær sérlega lýsandi gjafir er leikhúsið fékk á árinu. Þegar við vorum á leikferð um norðurland með Gísla á Uppsölum sýndum við m.a. á Skagaströnd. Þar býr hugsjónamaðurinn Árni Geir og að lokinni sýningu færði hann Kómedíuleikhúsinu nokkra ljóskastara að gjöf. Stuttu síðar barst okkur önnur lýsandi gjöf. Kom hún frá kollegum okkar á Akureyri, já sjálfu Leikfélagi Akureyrar sem færði okkur á annan tuga ljóskastara. Kómedíuleikhúsið er upp með sér með þessar lýsandi gjafir og sannlega má segja að við verðum vel upplýst næstu árin.

Margt fleira mætti nefna á hinum bráðum búnu 2017 í daglegum önnum Kómedíuleikhússins en látum hér nóg sagt. Kómedíuleikhúsið þakkar sínum fjölmörgum styrktaraðilum, velunnurum og síðast en ekki síst áhorfendum um land allt kærlega fyrir árið 2017. Framundan er nýtt kómískt ár og mikið sem okkur hlakkar til að eiga stefnumót við ykkur öll í leikhúsinu. Það er líka margt kómískt væntanlegt þar á meðal tveir nýjir einleikir. Annar þeirra verður frumsýndur í maí hinn í ágúst og auðvitað heldur okkar tvöfalda Gíslataka áfram.

Gangi ykkur allt í vil,
verum hress og njótum þess.
Elfar Logi Hannesson, vinnumaður
hjá Kómedíuleikhúsinu

ORMSSON
janúar dagar

15-50% afsláttur af gæðavörum ORMSSON

AEG
þvottavélar



**15%
afsláttur**

AEG
þurrkarar



**15%
afsláttur**

AEG
upphvottavélar



**15%
afsláttur**

AEG
ofnar



**20%
afsláttur**

AEG
ryksugur



**15%
afsláttur**

AEG
helluborð



**20%
afsláttur**

ORMSSON

PRISTUR

HAFNARSTRÆTI 12 · ÍSAFIRÐI · SÍMI 456 4751



Vörur, vélbúnaður og þjónusta fyrir minni fiskibáta



- Plastviðgerðir
- Rafgeymar
- Dælur
- Varahlutir



BALDUR HALLDÓRSSON ehf
Skipasmiður

Hlíðarenda / 602 Akureyri
S: 462 3700 / baldurhalldorsson.is



Litið aftur, og svo fram veginn

„Með kjafti og klóm“

Síðasta fjárhagsáætlun sveitarstjórnar þetta kjörtímabilið var afgreidd samhljóða 14. desember 2017. Niðurstaðan sú að fjárhagsleg afkoma sveitarfélagsins heldur áfram að styrkjast umtalsvert, framkvæmdum fylgar og fleiri viðhalds-verkefnum er sinnt.

Það er sérstök tilfinning að klára þennan krefjandi áfanga ársins, stefna og markmið sveitarfélagsins klár fyrir árið 2018. Það er eins og andrúmsloftið hafi fengið syndaaflausn þegar maður andar að sér umhverfinu eftir þennan síðasta sveitarstjórnarfund ársins.

Að auki eru þetta fyrstu merki þess að kjörtímabilinu fari að ljúka. Næst verður kosið í maí 2018, nýjar sveitarstjórnir munu í kjölfarið líta dagsins ljós. Kannski með klofin skjöld eftir átök kosningabaráttunnar – kannski með fulla tösku af sól og bjartsýni. Skiptir engu, framundan eru krefjandi verkefni, fyrir óhræddar hendur. Þannig, og bara þannig, gerum við betur í dag en í gær.

Óhrædd.

Eitt kjörtímabil dregur fram alla kosti og ókosti í einum sveitarstjórnarmanni. Sum mál sýna þínar bestu hliðar, „þvílíkur mannkostur“ er hrópað. Önnur draga fram breyska eiginleika, mann sem tók ekki rétta ákvörðun, „þvílíkur auli“ er kallað. Eitt er sameiginlegt báðum málum; á bakvið er einlægur vilji til að gera vel.

Á milli sigla stóru verkefnin, þessi sem geyma móton og framtíð samfélagsins í DNA þráðum sínum. Stundum hef ég það á tilfinningunni að stórum málunum hljóti að líða eins og Van Gogh, áður en heimurinn kveikti á þessum áhrifamanni listasögunnar. Áhrifamikil, afskipt, stundum örvingla af áheyrnarleysi.

Samanlagt gefur þetta mynd af manni - okkur. Við erum gott fólk sem

vill vel. Við viljum stækka og þroskast, og glímum stöðugt við brestina í sjálfum okkur.

Litið til baka... Fjárhagsleg styrking sveitarfélagsins

Sé horft aftur yfir kjörtímabilið sést árangur og framþróun, þegar kemur að stórum málum er varða tilvist og framtíð sveitarfélagsins. Fjárhagsleg afkoma sveitarfélagsins hefur styrkst mjög, svo eftir er tekið. Sjálfstæði sveitarfélaga felst ekki í sögu og tilfinningum, ekki í rómantik og sérstöðu einstaklinga, verkefna eða ættbálka. Sjálfstæði sveitarfélaga er bundið í fjárhagslegan styrk. Síðan má svitna yfir andleysi þessarar staðhæfingar – það breytir hins vegar ekki niðurstöðunni, og um einbeittan vilja hins opinbera að fækka minni sveitarfélögum.

Samhent sveitarstjórn

Þegar horft er yfir kjörtímabilið sést samheldin sveitarstjórn sem glímdi sameiginlega við verkefni dagsins. Upptakur síðustu kosninga gaf ekki vísbendingu um slíkt. Hvergi hefur komið fram ágreiningur sem ekki var hægt að leysa, nema í sátt og samtóna niðurstöðu. Í litlu samfélagi þarf klefinn að vera í lagi, annars vinnst ekki nokkur leikur. Klefinn, í þessu samhengi, er sveitarstjórn Súðavíkurhrepps, samlyndi og samvinna hennar er svar við spurningunni hvers vegna gangi svo vel í sveitarfélaginu.

Atvinnumál á skriði

Þegar horft er yfir kjörtímabilið sést glögglega áhersla sveitarstjórnar á uppbyggingu atvinnumála. Í upphafi kjörtímabilsins var tekin ákvörðun um að ganga til samstarfs við Marigot, móðurfélag Íslenska Kalkþörungafélagsins, um uppbyggingu á starfsemi félagsins í Súðavík. Þessi vinna hefur gengið vel, og stefnt er að framkvæmdum á næsta ári, gangi

skipulagsbreytingar eftir. Í skýrslu KPMG, sem sveitarstjórn lét vinna fyrir sig á árinu kemur glögglega fram hvaða ávinningur hlýst af verkefninu. Í samantekt á KPMG kemur eftirfarandi fram:

- Fjöldi beinna nýrra starfa nær hámarki í um 30 manns, sjö árum eftir að útflutningur hefst.
- Fjöldi afleiddra starfa, sem verða til á svæðinu, verði um 12 á sama tíma.
- Íbúar með afkomu vegna kalkþörungaverksmiðju verði um 90 á sama tíma.

•Árlegar greiðslur til ríkissjóðs geta numið um 65 m.kr. og um 89 m.kr. til sveitarfélagsins þegar útflutningur er í hámarki og flest bein störf verða til.

•Árlegar greiðslur til lífeyrissjóða nema um 36 m.kr. þegar útflutningur er í hámarki og flest bein störf verða til.

•Árlegar greiðslur til sveitarfélagsins á atvinnusvæðinu geta numið um 89 m.kr. þegar útflutningur er í hámarki og flest bein störf verða til.

•Árlegar greiðslur til Súðavíkurhrepps vegna hafnargjalda og annarra gjalda geta numið um 56 m.kr. þegar útflutningur er í hámarki og flest bein störf verða til.

Að undaskyldum laxeldisáformum í Ísafjarðardjúpi er því um að ræða stærsta einstaka atvinnuþróunarverkefni við Ísafjarðardjúp, sem lítið en metnaðarfullt sveitarfélag á Vestfjörðum heldur utan um. Verkefni sem geymir þann styrk í sér að geta breytt þróun byggðar í Súðavík, og verið öflugur samverkandi í viðsnúning Ísafjarðardjúpsins. Auðvitað er verkefni af þessari stærðargráðu ekki óumdeilt. Af þeirri ástæðu hefur sveitarstjórn Súðavíkurhrepps kappkostað að halda sem flesta opna fundi um verkefnið á tímabilinu. Nú þegar hafa þrír fundir verið haldnir. Sá síðasti var haldin í Samkomuhúsinu í október, þar sem drög að umhverfismati voru kynnt. Íbúar þannig upplýstir um innihald

skýrslunnar og gátu komið með fyrirspurnir. Í kjölfarið var hægt að senda inn umsagnir, ábendingar og gagnrýni.

Sveitarfélagið bindur miklar vonir við uppbyggingu laxeldis við Ísafjarðardjúp. Á kjörtímabilinu hafa fulltrúar sveitarfélagsins staðið í framvarðarsveit Vestfirðinga sem talað hafa, og barist, fyrir máli og réttlæti og skynsemi þessara atvinnuuppbyggingar. Uppbygging laxeldis á Vestfjörðum er ekki bara stærsta atvinnuþróunarmál fjórðungsins, heldur einnig réttlæismál fólksins sem byggir svæðið, ræktar land og líf og lifir fyrir vestfirska framtíð.

Ferðapjónusta á Vestfjörðum er í stöðugum vexti og verður ein af kjölfestu-atvinnugreinum Vestfjarða um ókomna tíð. Á kjörtímabilinu beitti sveitarstjórn sér fyrir stofnun ferðapjónustusamtaka Súðavíkurhrepps. Samtökunum er ætlað að gæta hagsmuna atvinnugreinarinnar innan sveitarfélagsins. Þá hafa framkvæmdarverkefni sveitarfélagsins verið mikilvægur stuðningur við atvinnugreinina. Þar má helst nefna framkvæmdir við Hvítanes, við helsta selalátur Vestfjarða, og síðan stærsta verkefni sveitarstjórnar þetta kjörtímabilið, ljósleiðararvæðing Inndjúpsins.

Heildarendurskoðun aðalskipulags

Sveitarstjórn Súðavíkurhrepps ákvað á kjörtímabilinu að ráðast í heildarendurskoðun á aðalskipulagi sveitarfélagsins. Fyrri skipulag hafði gildistíma til 2018. Sveitarstjórn var einhuga um að tvínóna ekki við hlutina og hefja strax vinnu við heildarendurskoðun. Slíkt er ekki sjálfsagt, mörg minni sveitarfélög eiga í miklum erfiðleikum með slíkar ákvarðanir, enda afar kostnaðarsamt ferli.

Verkefnið er risavaxið, og mun hafa

grundvallandi áhrif á alla stefnumótun og þróun Súðavíkurhrepps næsta áratug. Verkefninu vindur vel áfram og vonir standa til um að skipulagsvinnan geti klárast á vor/sumarmánuðum og farið þá í umsagnar- og staðfestingarferli.

Íbúalýðræði

Eitt af áhersluverkefnum sveitarstjórnar hefur verið að efla íbúalýðræði og þátttöku. Af þessu tilefni hafa verið haldnir sex íbúafundir á kjörtímabilinu, og tveir íbúafundir vegna aðalskipulagsvinnu. Þá fór fram vel heppnað íbúafundur, undir stjórn Sigurborgar Kr. Hannesdóttur, í nóvember þar sem hugmyndum og sýn íbúa var safnað saman í skýrslu sem gefin verður út í upphafi nýs árs. Þessi skýrsla verður leiðarljós sveitarstjórnar fram í maí, og síðan næstu sveitarstjórnar sem tekur við í kjölfarið. Aukinheldur verður afurð þingsins hluti af nýju aðalskipulagi sveitarfélagsins, sem er stefnumörkun sveitarfélagsins til næstu 20 ára.

Kaupfélagið

Í upphafi kjörtímabilsins stóð sveitarfélagið frammi fyrir því að þorpið var kaupfélagslaut. Slík staða er bæði áhugaverð og krefjandi fyrir samfélag eins og Súðavík. Súðavík er jafðar-samfélag í landfræðilegum skilningi. Fámennt landsbyggðarsamfélag sem einangrast tíðum yfir vetrartímann, vegna snjóflóða. Í þessum aðstæðum er matvöruverslun grunnþjónusta. Hins vegar er það alls ekki skilgreint hlutverk sveitarstjórna að hlutast til um rekstur matvöruverslunar, jafnvel þótt algjör markaðsbrestur blasi við og allar leiðir til að laða að rekstraraðila hafi verið reyndar.

Sveitarstjórn Súðavíkurhrepps tók ákvörðun á vordögum 2015, eftir íbúafund, að stofna til reksturs matvöruverslunar í gegnum félag í fullri

eigu Súðavíkurhrepps, Matvöruverslun Súðavíkurhrepps ehf. Ákvörðun sveitarstjórnar grundvallaðist á þremur þáttum, færa þessa þjónustu til íbúa sveitarfélagsins, reka hana ekki með tapi og vera áfram með Kaupfélagið í sölufarli.

Strax var farið í breytingar á versluninni til að laga reksturinn að hlutverki og þörfum eigandans. Í upphafi sumarins 2015 opnaði síðan lítill bókasafnsmatvöruverslunarkaffihúsaupplýsingamiðstöð sem fékk nafnið Kaupfélagið.

Verkefnið gekk ekki átakalaust, né syndlaust, en niðurstaðan óumdeild fyrir almenning. Kaupfélagið færði meiri lífsgæði, öryggi og þjónustu til íbúa sveitarfélagsins og rak sig réttu megin við núllið.

Matvöruverslun Súðavíkurhrepps ehf. var síðan seld á haustdögum til nýrra rekstraraðila. Sveitarfélagið er því ekki lengur eigandi Kaupfélagsins, engu að síður er tryggt að sama þjónusta, og enn betri, verður starfrækt í Álfaveri næstu árin. Mikil gleðitiðindi fyrir sveitarstjórn, íbúa og gesti Súðavíkurhrepps.

Markmiðum sveitarstjórnar var því að fullu náð með stofnun, rekstri og sölu Matvöruverslunar Súðavíkurhrepps ehf.

Samvinna vestfirskra sveitarfélaga

Það ætti að vera forgangsmál hjá vestfirskum sveitarfélögum að finna samvinnu og samtakamátt í öllum verkefnum. Þannig eflist hin sameiginlega hagsmunabarátta og þjónusta við íbúa, lífsgæði aukast og Vestfirðir eygja þannig meiri möguleika á að ná vopnum sínum á ný.

Það er því veruleg ánægja sem fylgir því að klára stofnun Vestfjarðastofu og sannfæring, með vísan í ofansagt, að með henni eflist vestfirsk framtíð. Súðavíkurhreppur hefur gegnt lykilhlutverki í þessari vinnu og baráttu, með því að fara með formennsku í stjórn Fjórðungssambands Vestfjarða og síðan formennsku í stjórn Vestfjarðastofu. Vestfjarðastofa verður vettvangur fyrir vestfirskt sveitarstjórnarlíf, sem og vestfirskt atvinnu- og menningarlíf, til að sameina krafta sína og hugmyndir til eflingar lífs og framtíðar.

Það sem sameinar sveitarfélög á Vestfjörðum, öðru fremur, er að þau eru öll lítil. Það er ekki til stórt sveitarfélag í fjórðungnum. Slíkt er kostur - þannig eigum við að geta sýnt hvoru öðru skilning í stað yfirgangs. Allar ákvarðanir sem miða að því að færa vestfirsk sveitarfélög fjær hvort öðru í samvinnu og trausti eru rangar ákvarðanir og færa Vestfirðinga fjær því takmarki að ná upp krafti og seiglu fyrri tíma. Þetta er regla.

Mögulega sameinast einhver sveitarfélög í fjórðungnum í ókominni framtíð, rétt eins og annarsstaðar á landinu. Hitt er víst, slíkt mun aldrei gerast nema með þessum forleik; meiri samvinnu og trausti milli sveitarfélaga. Vestfjarðastofa er gott dæmi um slíkt.

...svo framveginn

Markmið og verkefni ársins 2018 eru margvísleg, upptalningin er ekki tæmandi.

Framkvæmdir

Stærsta framkvæmdaverkefni sveitarfélagsins á árinu 2017, var ljósleiðaravæðing Inndjúpsins. Haldið verður áfram með verkefnið á árinu 2018, og vonast er til að það geti klárast árið 2019 með heimtengingu allra bæja, fyrirtækja og þeirra fristundahúsa sem kjósa að vera með. Þetta verkefni sýnir glögglega hver forgangsroðun sveitarstjórnar er. Inndjúpið stendur höllum fæti og eðlilegt er að sveitarfélagið fjárfesti í innviðauppyggingu til að gera svæði-



id samkeppnishæft og fýsilegan kost – atvinnu, og byggðarfært. Samvinna sveitarfélagsins við Orkubú Vestfjarða hefur verið til fyrirmyndar í þessu verkefni og sveitarfélagið bindur miklar vonir við framhaldið.

Þá er ráðgert að klára framkvæmdir á Hvítanesi, þar sem myndarleg aðstaða fyrir ferðamenn er að rísa við selalátrið yst á nesinu.

Viðhaldsmál

Helstu viðhaldsverkefni verða við Súðavíkurskóla og síðan verða íbúðarhúsin í Arnarflötinni tekin í gegn að utan og máluð. Sveitarfélagið eignaðist í desember 2017 Arnarflöt 5, rauða húsið, og er því eigandi að þremur húsum í götunni. Það hefur legið á málningarviðhaldi og verður það mikil prýði að hafa þennan Arnarflatar-regnboga, eitt af fállegum einkennum þorpsins, skínandi eftir sumarið.

Hafnarmál

Hafist verður handa við lengingu flotbryggju Súðavíkurhafnar á nýju ári. Bryggjan er alfarið í notkun Iceland Seaangling. Með flutningi, þess hluta, fyrirtækisins til Súðavíkur, sem áður hafði starfstöð á Tálknafirði, er nauðsynlegt að lengja bryggjuna um eitt bil. Ráðgert er að skipta um dekk á Miðgarði og Suðurgarði, auk þess sem Miðgarður verður ástandsskoðaður á árinu. Þá verður sett upp árekstrarvörn/steinhleðsla, hafnarmegin, meðfram akveginum að Suðurgarði. Í athugun er að setja ferskvatnsslöngu á flotbryggjuna á Suðurgarði.

Formleg vinna við hönnun hafnarmannvirkja, vegna kalkþörungavinnslu innan við Langeyri hefst á nýju ári. Framkvæmdin verður langstærsta framkvæmdaverkefni sveitarfélagsins í lengri tíma og mun hafa geysileg áhrif á þróun sveitarfélagsins.

Landbúnaðarmál

Í fjárhagsáætlun fyrir árið 2018 er veitt meira fé í veiðar á mink og ref. Þá samþykkti sveitarstjórn að veita styrk til kaupa á dróna, sem nýta á við haustleitir. Spennandi verkefni sem vonandi á eftir að auðvelda smalamennsku, sem getur verið erfið og langdregin í víðfeðmu sveitarfélagi.

Umhverfis og menningarmál

Sett verða upp steinker í vor, á valda staði í Súðavík, með sumarblómum, sem verður hluti af umhverfis- og fegrunarátaki þorpsins. Ráðgert er að klára hönnun og hefja framkvæmdir við göngustígaáttak í Súðavík. Eftir framkvæmdir verður samfelldur göngustígur í kringum tjörnina, að tjaldstæðinu í Sumarþorpinu.

Margræddu hvalsporðar/hvalveiðisöguverkefni verður lokið með uppsetningu á hvalsporðum umhverfis

tjörnina, verður verkefnið samstíga göngustígaframkvæmdum. Þá er hönnun á Torglundi, við hliðina á leikskólanum á samþykktari fjárhagsáætlun.

Í fjárhagsáætlun fyrir árið 2018 er 2 millj. styrkur til sögusýningar sem stefnt er á að setja upp í Súðavík fyrir

næsta sumar. Verkefnið verður kynnt frekar í upphafi nýs árs á opnum fundi.

Skipulagsmál

Ráðgert er að klára heildarendurskoðun á aðalskipulagi sveitarfélagsins á árinu, eins og áður hefur verið minnst á. Með nýju aðalskipulagi verður sveitarfélagið komið með gífurlega vandað og efnismikið stefnumótunarplagg til næstu ára.

Lýðheilsumál.

Verkefnið Heilsueflandi samfélag verður áfram keyrt í sveitarfélaginu. Frítt verður fyrir íbúa sveitarfélagsins í líkamsrækt á Langeyri.

Fristundastyrkir verða greiddir vegna þátttöku barna og unglinga í íþróttar- og æskulýðsstarfi.

Fjárhagsleg afkoma 2018

Gert er ráð fyrir að afkoma samstæðunnar, A og B hluti reksturs Súðavíkurhrepps, verði jákvæð um 39 milljónir. Þá hækkar handbært fé frá rekstri um 18 milljónir á árinu, gangi áætlun eftir. Skuldahlutfall samstæðunnar verður 28% og hefur farið lækkandi.

Með kjafti og klóm

Lítill sveitarfélög róa lífróður fyrir tilverurétti sínum þessi misserin. Fjárhagsleg staða þeirra er æði misjöfn, og ljóst er að þau sveitarfélög sem ekki búa við öruggan rekstur eiga erfiða

baráttu fyrir höndum, sé vilji til að vernda sjálfstæði sveitarfélagsins.

Fjöregg sveitarfélagsins er í höndum sveitarstjórnar. Séu ekki skýr skilaboð um annað er það meginhlutverk sveitarstjórnar að verja tilverurétt sveitarfélagsins, efla framtíð þess og fjórðungsins og verja velferð íbúa, með kjafti og klóm.

Niðurstaða fjárhagsáætlunar sveitarstjórnar Súðavíkurhrepps fyrir árið 2018, atvinnustefna sveitarfélagsins, forgangsroðun skólamála, sem og öll önnur verk og vinna kjörtímabilsins, skal lesa með þeirri sannfæringu og einbeitta vilja; með kjafti og klóm!

Staða Súðavíkurhrepps hefur styrkst umtalsvert á kjörtímabilinu, hvort sem það er núverandi staða eða framtíðarmöguleikar. Hins vegar eru krefjandi verkefni framundan, og ekkert í hendi. Það tekur skamma stund að snúa jákvæðri þróun til fyrri vega.

Einn knattspyrnuþálfari orðaði þetta svona; „fyrst þarftu gott líkamlegt form til að eygja möguleika á tímabilinu. Það kostar vinnu. Svo þarftu stórt hjarta og beittan huga til sigra tímabilið. Það kostar vinnu“.

Tímabilið er framundan. Lifi Súðavíkurhreppur, eflist Vestfirðir, Íslandi allt!

Skrifað í Súðavík, 2. janúar 2018
Pétur G. Markan
Sveitarstjóri Súðavíkurhrepps

nau í áskrift

Viðskiptalausnir 1

- ✓ Fjárhagsbókhald
- ✓ Viðskiptavina- og lánardrottnakerfi
- ✓ Innkaupakerfi
- ✓ Sölu- og birgðakerfi
- ✓ Eignakerfi
- ✓ Verkbókhald

Ótakmarkaður fjöldi fyrirtækja
Reglulegar uppfærslur
Enginn stofnkostnaður

Wise sérlausnir:

- ✓ Rafræn VSK skil
- ✓ Rafræn sending reikninga
- ✓ Þjóðskrártenging

kr. 9.900

pr. mán.
án vsk.

Viðskiptalausnir 2

Wise sérlausnir að viðbættri leið 1:

- ✓ Launakerfi
- ✓ Innheimtukerfi
- ✓ Banksamskiptakerfi
- ✓ Rafræn móttaka reikninga

kr. 17.900

pr. mán.
án vsk.

wise

Borgartún 26, Reykjavík » Hafnarstræti 93-95, Akureyri
Sími: 545 3200 » wise@wise.is » wise.is

Má stela?

Við fyrstu sýn þá virðist auðvelt að svara þessari spurningu; auðvitað má ekki stela því, sem aðrir eiga eða öðrum tilheyrir. Eitt af Boðorðunum tíu hljóðar svo: Þú skalt ekki stela! Engu að síður fékk biskup Íslands bágt fyrir nú í byrjun vetrar þegar hann sagði það rangt að stela. Að vísu var spurningin á þessa leið: Má stela upplýsingum? Það er því rétt að velta því fyrir sér hvort önnur rök gildi um upplýsingar heldur en aðra hluti. Má kannski stela upplýsingum?

Richard Nixon og félagar hans í Hvíta húsinu spurðu sig að þessari spurningu. Og þeir virðast hafa komist að þeirri niðurstöðu að það væri allt í lagi að stela upplýsingum, - ef það kæmist ekki upp um þá. Þess vegna brutust skósveinar þeirra inn í Watergate-bygginguna að nóttu til þann 17. júní árið 1972. Vopnaðir kúbeinum og öðrum verkfærum brutust þeir inn á skrifstofu demókrata til að ná í leyndar upplýsingar, sem þeir töldu að gætu tryggt endurkjör Nickons forseta. En stuldurinn komst upp. Böndin bárust að forsetanum og hann varð að segja af sér. Þetta var gríðarlegt hneykslismál í henni Ameríku.

Í bókum Stieg Larsons er sagt frá blaðamanninum Mikael Blomkvist og vinkonu hans, Lisbeth Salander. Lisbeth hakkar sig inn í tölvur glæpamanna og þannig tekst þeim skjótu-hjúum að upplýsa leynda glæpi. Fyrst ekki má nota gamla góða kúbeinið þá er spurning hvort það sé hugsanlega í lagi að nota tölvu og hakka sig inn í síma eða tölvur annarra í þeim göfuga tilgangi að upplýsa mál, sem full ástæða væri til að fletta ofan af og varða almannahagsmuni? Sannarlega er það hverju samfélagi til góðs að snjallir blaðamenn upplýsi okkur borgarana um það, sem er að gerast. Mega blaðamenn kannski stela upplýsingum?

Árið 2005 var hrundið af stað rannsókn í Bretlandi á starfsháttum blaðsins News of the World. Rannsóknin þótti sýna fram á það að blaðamenn og hakkarar á þeirra snærum hefðu brotist inn í og hlerað síma fræga fólksins, stjórnmalamanna og bresku konungsfjölskyldunnar. Þrátt fyrir þessar upplýsingar var lítið aðhafast í málinu, - kannski fannst bara öllum svolítið gaman að lesa um hneykslismál kóngafólksins og þotuliðisins. En árið 2011 snarsnérist breska þjóðin. Þá kom nefnilega í ljós að skósveinar blaðsins höfðu hakkað sig inn í síma skólastúlunnar Milly Dowler, sem síðar kom í ljós að hafði verið myrt. Einnig höfðu þeir hakkað sig inn í síma fórnarlamba hryðjuverka og aðstandenda látinna hermanna. Breska þjóðin sagði hingað og ekki lengra. Umrætt blað hætti að koma út því eftir þetta vildi enginn kaupa þennan snepil og alls enginn vildi heldur auglýsa í honum.

Í raun skipta verkfærin engu máli, það má einu gilda hvort notað er kúbein eða tölva, auðvitað má enginn brjótast inn og stela því, sem öðrum tilheyrir. Hvorki forseti né blaðamaður, hvorki ég né þú megum brjótast inn á einkasvæði fólks eða fyrirtækja og stela þaðan upplýsingum. Jafnvel lögreglan má ekki stela upplýsingum, hún þarf að fá dómsúrskurð til að mega hlera síma fólks.

Blaðamenn verða því að leita annarra leiða til aflla sér upplýsinga um það, sem leynt á að fara en ætti samt fullt erindi fyrir sjónir almennings. Og sem betur fer þá eru til aðrar leiðir heldur en að stela. Algengast er sú að tala við mann og annan og aflla þannig upplýsinga. Það eru alltaf einhverjir, sem vita og luma á upplýsingum. Og svo eru þeir líka til, sem ákveða að brjóta trúnað og afhenda blaðamönnum upplýsingar, sem þeir



búa yfir eða hafa undir höndum. Og það er ekki það sama og að stela. Að vísu kann trúnaðarbrott stundum að varða við lög en við skulum láta það liggja milli hluta að svo stöddu.

En af hverju skyldi svo margir þá hafa orðið reiðir, sárir og hneykslaðir í vetrarbyrjun þegar blessaður biskupinn sagði að það væri ljótt að stela upplýsingum? Líklega stafaði upphlaupið af því að þetta var skömmu fyrir Alþingsiskosningar og lögbann hafði verið sett á fréttaflutning Stundarinnar af fjármálagjörningum og -vafningum stjórnmalamanns eins, sem stundum er kenndur við efnið teflon. Kannski sýnir þetta dæmi að það skiptir ekki öllu máli hvað sagt er heldur hitt inn í hvaða samhengi er talað. Orð virðast þannig ekki hafa neina merkingu heldur ræðst merking orða alfarið af samhenginu. Ef til vill var hneysklunin sú að fólki fannst að biskupinn væri að andmæla rannsóknarblaðamennsku? En biskup getur traúðla sagt að það sé í lagi að stela, - eða hvað? Tökum dæmi! Þann 1. febrúar 2010 birtist eftirfarandi frétt á Vísi: Karlmaður á tvítugsaldri var handtekinn og yfirheyrður í síðustu viku vegna gruns um að hafa stolið trúnaðargögnum frá lögfræðingi Karls Wernessonar, eiganda Milestone ehf., og Eids Smára Guðjohnsen. Pilturinn á að hafa selt þær fjölmiðlum samkvæmt heimildum Vísis. Yfirlögregluþjónninn Friðrik Smári Björgvinsson staðfestir að mál af þessum toga sé til rannsóknar hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu. Meira að segja íslensku blöðin vita að það er lögbrot að stela upplýsingum. Þau mega flytja fréttir af slíku en biskupinn má samt ekki segja það, - skrytið!

Má stela? Höfundur þessa pistils hafði einu sinni tónfræðikennara, sem sagði það við bekkinn að það væri allt í lagi að stela bók úr bókbúð ef bók-in væri góð og ef maður læsi bókina. Einhvern veginn efast ég um að bóksalinn hefði samþykkt þessa siðfræði.

Má stela? Í svipinn man ég ekki eftir nema einum hlut, sem fólk virðist almennt sammála um að megi stela. Og það er grænmeti úr gördum. Fullorðið fólk virðist ekkert skammast sín fyrir að segja frá þeim bernskubrekum að það hafi einhvern tíma nappað grænmeti úr garði nágrannans. Fín frú hélt því meira segja fram í mín eyru að slíkt grænmeti smakkaðist alltaf betra en keypt grænmeti. Um þetta kann ég eina sögu.

Prestur einn var með matjurtagarð í garðinum bak við prestssetrið. Hann tók eftir því að stundum var verið að stela gulrótum úr garðinum og tína rífsber og jarðarber. Og hann ákvað að setja upp skilti og reyna að höfða til siðferðiskenndar þjófanna. Presturinn setti upp skilti og á því stóð: Mundu það að Guð sér til þín! Daginn eftir að skiltið góða hafði verið sett upp þá gekk klerkur út í garðinn og hann veitti því strax athygli að nú hefðu þjófar tekið grænmeti úr garðinum hans. Hann leit á skiltið og þá sá hann að undir orðin um að Guð fylgdist með hafði verið skrifað með barnalegri rithönd: En hann kjaftar ekki frá!

Magnús Erlingsson

Reynir Halldórsson

F.10.01.1926. D. 26.12.2017

Reynir Halldórsson fæddist í Vestmannaeyjum 10. janúar 1926. Hann lést á Silfurtúni, dvalarheimili aldraðra, í Búðardal 26. desember 2017.

Reynir giftist 10. mars 1963 Giselu Halldórsdóttur, f. 3. apríl 1934, d. 17. september 2008. Foreldrar hennar voru Reinhard Framme, f. 24. ágúst 1902, d. 25. október 1977, og Wanda Framme, f. 19. desember 1910, d. 5. september 2004.

Börn Giselu og Reynis eru: 1) Reinhard, f. 6. maí 1960, kvæntur Maríu Kristjánsdóttur, f. 3. október 1955. Börn þeirra eru Reynir Ingi, f. 31. ágúst 1989. Unnusta Sirilin Keska, f. 20. janúar 1984. Hafþór, f. 25. maí 1992. Unnusta Chanee Thianthong, f. 30. október 1992. Fóstursonur Reinhards, sonur

Maríu, er Haraldur, f. 2. apríl 1979. Kona hans er Berglind Júlíusdóttir, f. 4. mars 1980. Börn þeirra eru Hrefna María, f. 28. október 2004, Kolbeinn Óli, f. 4. júní 2007, og Tómas Ingi, f. 1. júlí 2015.

2) Ingibjörg, f. 8. maí 1963, giftist Þorsteini Einarssyni, en þau skildu. Börn þeirra eru Einar, f. 1. mars 1992, og Guðrún María, f. 1. nóvember 1994.

Á Hríshóli ól Reynir manninn alla tíð þar til hann flutti í Búðardal árið 2001. Vann hann að búi móðurbróður síns allt þar til þau hjónin keyptu jörðina 1962. Eftir að bróðir hans hætti búskap á Hríshóli II 1968 keyptu þau jörðina og sameinuðu í eina að nýju. Árið 1990 seldu þau jörðina og búreksturinn Práni Hjálmarssyni og Málfríði Vilbergsdóttur en bjuggu áfram í íbúðarhúsi-



inu og vann Reynir við búrekstur nýrra eigenda allt þar til þau hjónin fluttu í Búðardal 2001.

Minningargreinar um Reyni

Það varð stutt á milli andláts þeirra bræðra Garðars og Reynis sem áður fyrr bjuggu saman í tvíbýli á Hríshóli í Reykhólasveit. Garðar flutti síðan suður og eftir það bjuggu Reynir og Gisela kona hans myndarbúi á Hríshóli í mörg ár. Ég minnst þess að meðan ég bjó í Hnífsdal og átti leið akandi um Reykhólasveitina, þá vakti það alltaf athygli mína hve snyrtilegt var heim að líta að Hríshóli. Og eitt sinn er ég var á ferð með fjölskylduna á leið um landið sumarið 1964, hafði mjólkinn klárast á leiðinni. Það var ekki ásættalegt að vera mjólkurlaus með þrjú smábörn í bílnum. Þá var mjólk seld í mjólkurbúð Kaupfélagsins á Ísafirði og mæld á brúsa, sem fólk kom með. Í Hnífsdal var mjólkinn einnig seld með sama hætti í útibúi Kaupfélagsins, eða komið með mjólk í brúsum frá sveitaheimilum, sem dreift var heim til fólks. Ég var auðvitað með einn slíkan brúsa í bílnum. Og rétt komin af Þorska-fjarðarheiðinni lá beint við að fara

heim að Hríshóli til að kaupa mjólk í brúsann. Það var auðsótt mál, en þá var ekki verið að spá í það hvort mjólkinn væri gerilsneydd eins og síðar varð. Enda varð okkur gott af mjólkinni frá Hríshóli. Eftir að ég flutti í Reykhólasveitina 1996, kynntist ég þeim hjónum Reyni og Giselu betur og ekki nema að öllu góðu. Það var skemmtilegt að spjalla við Reyni, sem þekkti alla og fylgdist vel með öllu sem gerðist í sveitinni. Hann var alltaf til í að gefa góð ráð og upplýsingar um sveitina. Þau hættu síðan búskap þegar árin færðust yfir og seldu jörðina en bjuggu áfram í húsinu á Hríshóli all mörg ár eftir það. Ég held að Reynir hafi samt alltaf haldið áfram að hafa auga með búskapnum hjá nýju eigendunum og þeim hafi ekki þótt það neitt verra að njóta aðstoðar hans. Þau hjónin fluttu sig svo seinna í íbúð fyrir aldraða í Búðardal og þar tóku þau virkan þátt í starfinu í Félagi eldri borgara og Gisela var þar formaður um tíma. Reynir fann sér eitt og annað til dundurs, ekki síst í að

snyrta og fegra umhverfið. Eftir að Gisela lést fyrir nokkrum árum hélt Reynir áfram sjálfstæðri búsetu, en sótti þó ýmsa þjónustu í Dvalarheimilið Silfurtún í Búðardal. Síðustu vikurnar var hann þar alveg til heimilis. Systir mín Þrúður segir hann hafa verið góðan nágranna, hjálpfúsan og vinsamlegan. Hann leit oft eftir húsi þeirra hjóna á Sunnubrautinni ef þau voru fjarverandi. Síðast hitti ég Reyni um miðjan nóvember s.l. Þega Félag eldri borgara var með samkomu og kórsöng í Hjúkrunarheimilinu Barmahlíð á Reykhólum. Hann var glaðlegur eins og alltaf, en þó greinilega ekki jafn hress og áður. Á þeim tíma var hann kominn með þann sjúkdóm sem sigraði hann að lokum. Ég þakka honum skemmtilegar samverustundir og vináttu í gegnum árin. Það er alltaf sjónarsviptir af mönnum eins og honum, sem yrkja jörðina af natni og ganga vel um allt sem þeim er trúað fyrir. Guð blessi minningu Reynis og Giselu frá Hríshóli.

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir

Árum áður þegar við Djúpmenn áttum leið suður á bóginn yfir Þorska-fjarðarheiði, framhjá Bjarkarlundi og Reykhólavegamótum, blasti næst við augum, ofan vegar, bærinn Hríshóll, mjög vel hýstur með viðáttumikil tún í góðri rækt og þráðbeinar gallalausr girðingar.

Á þessum bæ var snyrtimennska augljóslega í hávegum höfð. Þar bjuggu, vissi ég, Reynir og Gisela, þýskaðuð skörungskona sem í tvo áratugi var allsráðandi á skrifstofu Kaupfélags Króksfjarðar, en við Skjaldfannarbændur vorum um skeið í sláturfjárviðskiptum þar. Betra var að hafa Giselu með sér en móti, enda kappkostaði ég það. Börn áttu þau tvö, óvenju mannvænleg, Reinhard og Ingibjörgu.

Svo líða árin og þau mjög mörg, þjóðleið Djúpmanna lá ekki lengur framhjá Hríshóli og þar orðin ábúendaskipti, Reynir og Gisela fluttu suður í Búðardal.

Þá kemur það næst við þessa sögu að á sumardaginn fyrsta 2016 lítur hér inn hjá mér ásamt ná-

grönnum Ingibjörg Reynisdóttir og list svo vel á bústofninn að hún gefur kost á sér sem lambaljósa á komandi sauðburði. Það var heldur betur fagnaðarefni og dró þann dilk á eftir sér að síðan hefur hún verið mín búskaparlega hægri hönd þegar mikils hefur þurft við. Inga sagði mér margt af föður sínum og persónuleg kynni okkar Reynis jukust að sama skapi. Gisela dó síðsumars 2008, en Reynir bjó áfram í parhúsi þeirra í Búðardal.

Á vesturleið um miðjan ágúst tók hann á móti mér á dyrahellunni sinni, ótrúlega unglegur og teinréttur, þrátt fyrir rúma níu áratugi á herðunum. Sest var við eldhúsbordíð yfir mjólkurglasi og jólaköku. Ég sagði frá, en húsráðandi, sem ekki var margmáll maður, en því betri hlustandi, skaut að orði og orði. Eldhúsglugginn vissi í norðvestur í átt til Reykhólasveitar og þangað renndi Reynir augum er talið barst stuttlega að búskapnum á Hríshóli. Nær okkur blöstu við slegnar túnskákir með rúllum og gamli bóndinn lét þess getið að þeir sem þar heyjuðu hefðu alveg

mátt slá nær girðingum og skurðbökkum og illt væri að sjá vindinn vefja plastinu aftur utan af heyninu.

Það hafði talast svo til að ég tæki með mér heim girðingarstaura sem Reynir hafði verið að vinna úr tilfallandi úrgangstimbri. Staurahornið hans var einstakt dæmi um þá vandvirkni, snyrtimennsku og hagar hendur sem erfst höfðu svo vel til Ingu dóttur hans. Allt nákvæmlega flokkað eftir lengdum og gildleika og renglur milli stauralaga, svo allt héldist þurrt og tvívírbundið yfir staðurnar. Hver staur framhöggvinn með svo flugbeittri skaröxi að líkja mátti við velyddaðan blýant.

Er haustaði fór heilsu Reynis ört hrakandi og nú er hann horfinn yfir móðuna miklu. En hann er mér áfram lýsandi dæmi um þá aðgætni, elju, nýtni og nægju-semi, sem var svo ríkur og raunar nauðsynlegur þáttur í fari þeirrar kynslóðar sem nú er að hverfa af sjónarsviðinu. Blessuð sé minning þessa mæta manns. Ég sendi ástvinum einlægar samúðarkveðjur.

Indriði Aðalsteinsson

Iðnaðarmenn og aðrir, kerrurnar frá **HUMBAUR** hafa margsannað sig á Íslandi!



Tveggjaöxlakerra, 2500kg, gerð 2331, mál: 3,03x1,50m, opnanleg að framan. Verð kr. 431.452,- án vsk.



Flatvagnar-ýmsar stærðir, 2000kg-3500kg, mál frá 2,65x1,65m til 6,10x2,48m.



750kg kerra, gerð 1384, mál: 251x131x35cm með sturtum. Verð kr: 229.839,- án vsk.



750kg kerra, gerð 1374, mál: 251x131x35cm, opnanleg að framan. Verð kr: 201.612,- án vsk.



750kg kerra, gerð 1376, mál: 205x131x35cm, opnanleg að framan. Verð kr: 169.355,- án vsk.



Startrailer 750kg, gerð 1280, mál: 205x109,5x30cm. Verð kr: 120.888,- án vsk.

Nýtt á Íslandi frá **WÖRMANN** kerrum world of trailers



Krókhaysiskerra. 3500 kg heildarburður, ýmsar gerðir af gámum.



Unilader. 2700-3500 kg heildarburður, sem véla og sturtukerra.

Topplausnir

WWW.TOPPLAUSNIR.IS / S: 517 7718
SMÍÐJUVEGI 40, GUL GATA, KÓPAVOGI

2018 árgerðir Hobby húsbílar og hjólhýsi

Hjólhýsi frá 2.800.000 kr. og nýir
húsbílar frá 7.900.000 kr.



Nýtt Hobby 560UL 2018 árgerð til afgreiðslu strax

- Með eftirtöldum aukabúnaði
- 1- Rúmbreyting í eitt stórt
- 2- Gólfhiti Rafmagns
- 3- Sjónvarpsfesting á lið
- 4- Rafgeymakerfi
- 5- Stærri dekk og burðargeta 2000kg
- 6- Sólarsella 150Watta

Verð 4.350.000 kr.



Mitsubishi Outlander PHEV 2.0 Plug-In Hybrit 4x4

Til afhendingar í febrúar 2018.

INTENSE PLÚS - Verð 4.200.000 kr.

Sjálfsk, 360gráðu myndavél, 18" álfelgur, 50/50 leður, Lyklalaust aðgengi, Upphitað Leðurklætt aðgerðastýri, Hiti í sætum, App tenging til að forhita bíl og stýra hleðslu, Samlitir, aðfella legir rafstíllanlegir og upphitaðir hliðarspeglar, Útvarp með snertiskjá.

OUTLANDER INSTYLE - Verð 4.760.000 kr.

Tilboð

Dráttarkúla og 4 vetrardekk á 17" álfelgum kr. 200.000



**5 ÁRA
ÁBYRGÐ**
Afhentir í
Reykjavík eða
Egilsstöðum

Enn um Teigsskóg

Rýnt í matsskýrslu

Nú liggur sveitarstjórn Reykshólahrepps undir feldi og íhugar aðalskipulag í sveitarfélaginu. Valið stendur um Þ-H leiðina um Teigsskóg, eða D2 leiðina með jarðgöngum undir Hjallaháls. Samkvæmt mati Vegagerðarinnar mun Þ-H leiðin hafa meiri neikvæð umhverfisáhrif en D2 leiðin. Matsskýrsla Vegagerðarinnar liggur til grundvallar hlutlægu mati á þessum valkostum og allt sem þar stendur er talinn heilagur sannleikur, eða hvað?

Fróðlegt er að rýna í matsskýrslu Vegagerðarinnar og kryfja þessa niðurstöðu örlítið. Teigsskógur nýtur verndar samkvæmt 61. gr náttúruverndarlaga (nr 60/2013) og því skal ekki raska skóginum nema ærin ástæða sé til. Vegagerðin hefur valið að flokka áhrif Þ-H leiðar um Teigsskóg sem verulega neikvæð áhrif, sem er hæsta flokkunarstig fyrir neikvæð umhverfisáhrif. En hvert er umfang á þeim skaða sem vegstæði um Hallsteinsnes mun skapa? Jú, fyrirséð er að 1,2% af skóginum verði fyrir varanlegum skaða. Áætlað er að stærð Teigsskógar sé 667 ha. Samtals er áætlað að 18.9 ha af Teigsskógi verði raskað vegna vegstæðis, eða um 2,8%. Af þessari röskun er gert ráð fyrir að endurheimta 11.1 ha með uppgræðslu og endurbótum. Áformað er að halda til haga jarðvegslagi (svarðlag) sem fjarlægja þarf undan vegstæði og koma því fyrir að nýju þar sem vistkerfi skógarins verður raskað. Safnað

verður birkifræjum fyrirfram til sán-ingar og til að flýta fyrir gróðursetningu á nýju birki í jarðvegslaginu sem verður komið fyrir í vegöxlum og röskuðum svæðum, svo framarlega sem það raski ekki umferðaröryggi (útsýni). Með þessum mótvægisáðgerðum er því áætlað að varanleg skerðing á Teigsskógi minnki umtalsvert og verði 7.8 ha. Vegna þessarar 1.2% skerðingar á Teigsskógi, sem þó er í stöðugri endurnýjun, hefur Vegagerðin ákveðið að meta skaðann sem mjög stórvægilegan.

Rýnum svo í það sem segir um D2 leiðina. Leiðin mun hafa áhrif á ósasvæði í botni Djúpaðar og Gufufjarðar. Ósasvæðin í báðum þessum fjörðum eru alsett fitjum og flæðiengjum. Það er mat Vegagerðarinnar að vegagerð um ósasvæði Djúpaðar og Gufufjarðar muni aðeins hafa nokkuð neikvæð áhrif. Það er lægsta flokkunarstig fyrir neikvæð áhrif. Þetta er mat Vegagerðarinnar þrátt fyrir að niðurstöður í matsskýrslu bendi til að þverun við Brekku í Gufufirði muni hafa varanleg áhrif á ásýnd og lífríki innan við vegstæðið. Áætlað er að straumhraði sjávar um brúaropið geti orðið meiri en 3 m/sek. Það er 10-15 X meiri straumur en náttúrulegur hámarksstraumur í íslenskum fjörðum. Tilfærsla á botnseti við brúaropið mun því verða umtalsverð. Í matsskýrslu er fullyrt að ekki verði breyting á súrefnisbúskap innan þverunar. Slík fullyrðing er með öllu

óskiljanleg. Á hafsvæði næst brúarstæði verða vissulega meiri sjóskipti, en svæði fjær brúarstæði mun líða fyrir lakari sjóskipti. Afar líklegt er að þverun Gufufjarðar muni skapa súrefnisþurrð á stóru svæði innan þverunar. Áhrif af slíkri súrefnisþurrð má glöggst finna í Gilsfirði á góðviðrisdögum þegar lágsjávað er. Þá má finna megna rotnunarlykt frá setlögum sem þar hafa safnast upp. Fjörur og fitjar njóta verndar samkv. 61. gr. náttúruverndarlaga, ekki síður en sérstæð skóglendi. Við mat á umhverfisáhrifum leiðar D2 hefur ekki verið sýnt fram á að vatnsbúskapur innan þverana verði óbreyttur á öllu svæðinu innan vegfyllingar og ætti Vegagerðin að flokka framkvæmdina í hærri skaðaflokk vegna þess. Nei, það er óskiljanlegt að varanleg röskun á fjölbreyttu lífríki og búsvæði fiska og fugla er metin svo óveruleg. Þetta væga mat Vegagerðarinnar leiðir til þess að lífríki fjarðanna nýtur ekki verndar frá lögum um vernd Breiðafjarðar (nr 54/1995).

Eftir lestur matsskýrslu og viðaukum hennar er fullkomlega óljóst af hverju varanleg röskun á ásýnd og lífríki ósasvæða tveggja fjarða er metin óveruleg á meðan lítillsháttar röskun á skóglendi sem er í stöðugri endurnýjun er metin mjög stórvægileg.

Jón Örn Pálsson,
Tálknafirði.



et EHF. **VERSLUN**

Frábært úrval díóðu (LED) vörubíla og kerruljósa á góðu verði



AB VARAHLUTIR – UMBOÐ EGILSSTÖÐUM



Klettagöörðum 11 • 104 Reykjavík
S: 5682130 • Fax: 5680844 • www.et.is

Gleðdilegt nýtt ár og þökkum samfylgdina á lidnu ári



ORKUBÚ VESTFJARÐA



Tálknafjarðarhreppur



RAFIÐNAÐARSAMBAND
ÍSLANDS



Þörungaverksmiðjan hf.



VESTURBYGGÐ



TUNGU
silungur



BOLUNGARVÍK



Súðavíkurhreppur

Kaupfélag Bitrufjarðar:

ALLAR SKULDIR GREIDDAR

Kaupfélagi Bitrufjarðar, Óspakseyri sem stofnað var 1942 hefur verið slitið. Slitum lauk seint á síðasta ári. Starfsemi félagsins lauk 2004 og í framhaldinu var skipuð slitastjórn. Starfi hennar lauk loks 13 árum síðar. Kaupfélagið átti fyrir öllu skuldum og auk þess var öllum stofnfjáreigendum greitt að fullu stofnfé sitt. Líklega er það einsdæmi að atvinnustarfsemi ljúki á þennan farsæla hátt.

Kaupfélag Bitrufjarðar, Óspakseyri var stofnað 1942 og var starfsvæði þess Kollafjörður, Bitrufjörður og út Hrútafjörður (Skálholtsvík og Guðlaugsvík) í Strandasýslu. Viðskiptavinir félagsins komu víðar að og meðal annars alla leið frá Dölum meðan hægt var að selja sláturfé.

Kaupfélagið rak verslun og sláturhús á Óspakseyri.

Síðasta stjórn félagsins var skipuð þeim Guðjóni Fr. Jónssyni frá Einfættingsgili í Bitrufirði, sem var for-



maður, Skúla Helgasyni, Guðlaugsvík og Torfa Halldórssyni, Broddadalsá í Kollafirði. Sigrún Magnúsdóttir, Þambárvöllum í Bitrufirði var kaupsfélagsstjóri um 30 ára skeið þar til að starfsemi lauk.

Að sögn Guðjóns Fr. Jónssonar var síðasti opnunardagur verslunarinnar

1. september 2004 og þá var útsala á þeim vörum sem til voru. Hins vegar lokaði sláturhúsið fyrir og síðast var slátur í húsinu 2001. Hafði þá verið slátur að samfleytt á Óspakseyri frá 1945. Um 6000 fjár var slátur á hverju hausti og dagleg afköst voru um 400 fjár á dag. Ekki var frystir á Óspakseyri og voru skrokkar keyrðir daglega suður í Búðardal eða til Hvammstanga.

Guðjón Fr. Jónsson segir að 25 – 30 manns hafi unnið við slátrunina, mest fólk úr sveitinni. Aðal ástæða þess að slátrun var hætt var að það vantaði fólk til verka. Fólkið í sveitinni elstir og ekki kom yngra fólk í þess stað. Slátrun er erfiðisvinna og lýjandi fyrir sveitafólk að bæta henni við sig ofan á önnur störf. Sláturhúsið var í góðu standi, því var breytt á árunum 1989 og 1990 og gerðar á því



heilmiklar breytingar. Sláturhúsið var síðan starfrækt með fullri löggildingu og án nokkurra undanþága. Lokum verslunarinnar leiddi af því að slátrun var lokið og einnig því að fólki fækkaði á starfssvæði kaupfélagsins. Það var einfaldlega tekin meðvitund ákvörðun um að ljúka starfsemi kaupfélagsins og gera upp fjármál þess meðan menn höfðu fullt vald á því.

Árið 2004 áttu 28 stofnfjáreigendur í kaupfélaginu 840 þúsund krónur. Eigendum sem höfðu verslað lengi við félagið var mikið í mun að fá stofnfé greitt en það varð til með viðskiptunum. Eignir voru til og þær seldar. Það voru húseignir og innanstokksmunir úr sláturhúsinu. Niðurstaðan varð sú að allar skuldir voru greiddar og allir stofnfjáreigendur fengu sitt stofnfé. Búið er að slíta félaginu formlega og leggja það niður.

Af hverju 13 ár?

Guðjón er spurður að því hvers vegna að tók allan þennan tíma að ganga frá slitunum. Á því eru skýringar, segir Guðjón.

Í fyrsta lagi var beðið eftir svörum frá embætti Ríkisskattstjóra um

endurgreiðslu á virðisaukaskatti af tveimur bílum af seldu kjöti, sem ekki fengust greiddir. Virðisaukaskattinum hafði Kaupfélag Bitrufjarðar skilað. Það tók langan tíma að fá svarið og varð það neikvætt.

Í öðru lagi átti kaupfélagið hlutabréf í Goða hf. Goði varð gjaldþrota og bíða þurfti uppgjöri á skiptum í því. Það tók langan tíma og ekkert fékkst greitt. Loks var beðið eftir lyktum í deilum um eignarhald á 30 milljarða króna eign í Samvinnutryggingasjóðnum. Til stóð að greiða það út til váttrygginga eftir að Samvinnutryggingar sameinuðust Brunabótafélagi Íslands, en það fór á annan veg og það rann inn í Gift. Snemma á síðasta ári var gjaldþrota-meðferð dótturfélöga Giftar lokið og ekkert fékkst greitt. Stjórn Kaupfélags Bitrufjarðar vildi ekki loka félaginu fyrir en algerlega lægi ljóst fyrir að þaðan kæmi ekkert.

Þannig að á síðast ári lauk formlega 75 ára sögu Kaupfélags Bitrufjarðar á Óspakseyri. Þótt ekki fengjust allar réttmætar eignir félagsins greiddar þá stóðu bændurnir við sitt og þannig má segja að félaginu hafi lokið með farsælum hætti.

Útsala



TAKMARKAÐ MAGN
Fyrstur kemur, fyrstur fær!
Opíð virka daga frá 9 til 18
laugardaga 11 til 15
Ármúla 31 - Sími 588 7332

i-t.is

INNRETTINGAR & TÆKI
- fyrir þitt heimili



Bullhúsið á Bíldudal tekið niður og varðveitt

Islenska kalkþörungafélagið á Bíldudal hefur tekið niður og gefið Áhugamannafélaginu Gyðu það sem eftir var af Bullhúsinu svokallaða, gömlu pakkhúsi sem stóð á athafnalöð félagsins, ásamt mjög nákvæmum teikningum og myndum sem fyrirtækið lét útbúa áður en húsið var tekið niður. Gyða er áhugamannafélag um varðveislu menningarmínja á Bíldudal. Bullhúsið var elsta atvinnuhúsnæði Bíldudals, hluti menningarsögu bæjarins og friðað samkvæmt lögum.

Bullhúsið var upphaflega flutt til

Bíldudals frá Noregi af Bröðrene Bull sem reistu það 1894 við hvalveiðistöð sína á Stekkeyri í Jökulfjörðum. Um aldamótin 1900 keypti athafnamaðurinn Pétur Torsteinsson húsið og reisti á Bíldudal. Þar var það notað sem aðgerðar- og pakkhús, en einnig sem leikhús og til dansleikjahalds eftir því sem fram kemur í gögnum Minjastofnunar. Þar var einnig saltfiskur þveginn innandyrna í fyrsta sinn hér á landi vegna þeirrar framsýni að leiða vatn inn í húsið sem gerði þvottinn þar mögulegan.

30% afsláttur af rafdrifnum skrifborðum



Hæðarstillanleg rafdrifin borð
stuðla að betri líkamsstöðu og
bættri líðan í vinnunni.

Verð frá 68.947 kr.

Stólpi Gámar fyrir atvinnulífið



Stólpi Gámar bjóða gámalausnir fyrir atvinnulífið - til leigu eða sölu

- þurrgáma
- geymslugáma
- fleti og tankgáma
- hitastýrða gáma
- einangraða gáma
- gáma með hliðaropnun

Einnig gámahús og salernishús frá **Containex**, færanlega starfsmannaðstöðu frá **EuroWagon.dk**, gámar og vöruskemmur frá **BOS** og vörulyftur frá **ATN** og **Maber**



www.stolpigamar.is

 **Stólpi Gámar**

Klettagörðum 5 | 104 Reykjavík | Óseyrarbraut 12 | 220 Hafnarfirði